

## Fundargerð

**271. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 9. júlí 2019 kl. 12<sup>00</sup> – 13<sup>50</sup>.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinsson (GGP), formaður Benedikt S. Benediktsson (BSB) Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Guðfinnur Johnsen (GJ) Hlíðar Þór Hreinsson (HPH) fjarverandi Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Lúðvík Gústafsson (LG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari.
-----------	--	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Úrvinnslusjóður
- (3) Ársreikningur 2018
- (4) Raftæki
- (5) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([270. fundar](#)).

*Samþykkt*

### 2. Úrvinnslusjóður

GGP hefur ekki fengið svar frá Reikningsskilaráði vegna ársreiknings fyrir árið 2017 sem ekki hefur verið samþykktur af stjórn eins og fram kemur í fyrri fundargerðum. Hann telur rétt að stjórn ÚRVS sendi minnisblað til FJS, UAR, FER og Ríkisendurskoðunar og ítreki að ekki er heimilt skv. ákvæðum í lögum um úrvinnslugjald að undirrita ársreikning. Hið sama mun eiga við um ársreikning ársins 2018 sem nú liggur fyrir í drögum. Hann leggur til að bréf sem stjórnin sendi Fjármála- og efnahagsráðuneyti 21. desember 2017 vegna frumvarps um markaðar tekjur, verði sent með minnisblaðinu. Farið var yfir bréfið og einnig minnisblað sem Laufey H. Guðmundsdóttir, lögfræðingur, skrifaði 3.2.2019 eftir úttekt á þessu máli, að beiðni Úrvinnslusjóðs.

GGP leggur til að senda umrædd gögn og skilja málið þar með eftir fyrir næstu stjórn. Ekki er von á niðurstöðu Reikningsskilaráðs fyrr en í fyrsta lagi í september. BSB leggur til að minnisblaðið verði tekið upp aftur eftir sumarfrí (ný stjórn) og gefi sitt alit á því. GGP vill senda minnisblaðið nuna sem afgreiðslu fráfarandi stjórnar.

*Stjórnarmenn eru sammála um að senda minnisblað til Fjármála- og efnahagsráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar áður en umboð númerandi stjórnar rennur út. Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn sameinast um ritun minnisblaðsins.*

*BSB*  
*DC* 16

### 3. Ársreikningur 2018

Stjórn telur sig ekki hafa forsendur til að afgreiða reikninginn.

### 4. Raftæki

GGP kynnir málið frá síðasta stjórnarfundi. BGH ítrekar að XX milljónir eru ekki endanleg fjárhæð og getur bæði hækkað og lækkað. LÓ leggur til að í bréfinu sé nefnt að ekki sé rétt að búa til aukinn kostnað, en ekki í samhengi við útboðið, heldur almennt. Einnig að í lögum um endurgreiðslu oftekinna gjalda og skatta eigi fyrirtækin rétt á að sækja umframfé sem hefur verið greitt. GJ telur mikilvægt að ekki sé tvígreitt fyrir sama hlutinn. GGP telur að sveitarfélögin eigi að fá greiddan kostnað skv. lögum en ekki að selja efnid. Hann telur að nauðsynlegt sé að fá álit UAR á því hvort sú aðferð að bjóða þessa þjónustu út sé ásættanleg. BGH vill að stjórnin hafi skoðun á því með hvaða hætti á að velja aðila til að taka á móti raftækjaúrgangi. LG rifjar upp að skilakerfin hófu ábyrgð á raftækjaúrgangi og það hafi ekki virkað. Hann minnir á að nauðsynlegt sé að fá upplýsingar um yfirstandandi stefnumótum ráðherra um úrgangsmál. GGP telur að útboð endurspegli hvað þjónustuaðilarnir telja að hægt sé að ná út úr tækjunum. Það sem umfram er eigi að vera Úrvinnslusjóðs til lækkunar úrv.gjaldi..

*Samþykkt að breyta orðalagi um aukinn kostnað í úrvinnslusjóðskerfinu þannig að það sé almennt en ekki í tengslum við útboð. Einnig að fjarlægja upplýsingar um XX milljónir þannig að rætt sé um tekjur umfram kostnað. Stjórnarmenn fóru yfir bréfið og samþykktu áorðnar breytingar.*

### 5. Önnur mál

LÓ spyr hvort ÚRVS viti um og hvernig staðan er á raftækjum sem raftækjavarslunarkeðja greiðir neytendum fyrir. ÍG er í sambandi við viðkomandi fyrirtæki og mun leita eftir upplýsingum um magn o.fl.

Umsókn um nýjan ráðstöfunaraðila fyrir upplýsingatækni- og fjarskiptatæki:  
UMICORE  
BE 0401 574 852  
Adolf Greinerstadt 14  
B-2660 Hoboken  
Belgium.

*Samþykkt.*

Næsti fundur ekki ákveðinn þar sem ný stjórn tekur til starfa eftir skipun  
Fundis slitið kl. 13.50

*Björgvin Gunnlaugss. /Krus Ásgeir Þurðarsson*